

Viðskiptaráðuneytið
Sölvhólgötu 7
150 Reykjavík



Hagsmunasamtök
Heimilanna



Reykjavík, 11. apríl 2009

Efni: Fyrirspurn vegna gengistryggðra íbúðalána

Nú er ljóst að greiðslubyrði lána mun leggjast mismunandi hart á greiðendur í kjölfar hruns s.l. haust. Álagið er óumdeilt á alla og ljóst að ekki verður hægt að halda þjóðfélaginu gangandi nema í sátt við þá sem greiða skatta og afborganir lána.

Því er spurt, hvað mæli móti því að þeir sem tóku gengistryggð lán til húsnæðiskaupa fái að umbreyta þeim í verðtryggð lán frá lántökudegi?

Með því móti skapast grundvöllur á ný hjá þeim húsnæðislánagreiðendum sem vilja ekki gefast upp, halda áfram að vera skilvísir þegar þessa lands og greiða skatta til samfélagsins.

Hópi þeirra sem tóku gengistryggð lán, mátti vera ljóst að gengisbreytingar væru óumflýjanlegar, en ekki var gert ráð fyrir þeim ósköpum sem á hafa dunið.

Benda má á að þessi hópur fólks hafði ekki rétt á neinum gengisvörnum og stendur því berskjaldaðra en aðrir (fyrirtæki) gagnvart ástandinu.


Frysting á greiðslu eða lenging með jöfnun á greiðslum, eins og boðið er uppá í dag, er ævarandi skuldbinding og því aðeins gálgafræstur.

Bent hefur verið á að gengistryggðar húsnæðisskuldir séu í mörgum tilfellum án tryggra veða (yfirveðsettar) eins og staðan er í dag, skuldin því óyfirtíganleg. Með öðrum orðum, það mun ekki þjóna tilgangi að reyna að standa í skilum.

Þetta ættu þeir að vita sem stjórna og virðist sem úrræði þeirra sé uppgjöf og viðurkenning á því að ákveðnum hópi fólks þurfi að mæta með gjaldþroti. Í þeim hópi verða flestir er skulda erlend íbúðalán.

Tekið skal fram að ekki er verið að gera minna úr vanda þeirra er greiða verðtryggð lán, en ljóst er að þeim hópi þarf að mæta með öðrum hætti.

Virðingarfyllst,
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,


Þórður Björn Sigurðsson
formaður

Hagsmunasamtök heimilanna | Álfheimum 21 | 104 Reykjavík | www.heimilin.is | heimilin@heimilin.is

C/O FRÍÐRIK Ó. FRÍÐRIKSSON